

um endurskoðun laga nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Sigurður Ágústsson, Emil Jónsson,
Einar Ingimundarson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram á þessu ári endurskoðun laga nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands — m. a. í því skyni, að starfsfé sjóðsins og starfssvið verði aukið — og leggja frumvarp til nýrra laga um sjóðinn fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Lög þau, er nú gilda um fiskveiðasjóð Íslands, voru gefin út árið 1943. Þeim lögum hefur síðan verið breytt með lögum nr. 107/1943, lögum nr. 39/1946 og lögum nr. 120/1951. Nú í seinni tíð hafa auk þess verið uppi á Alþingi tillögur til breytinga, sem ekki hafa náð fram að ganga. Ýmsar breytingar hafa orðið í vélbátaútveginum og á verkun og vinnslu bátaaflans, síðan lögin voru sett, og sumar þeirra breytinga á lögnum, sem gerðar voru til bráðabirgða, kunna nú að þurfa athugunar við. Með tilliti til þess og þar eð lögin eru nú 11 ára gömul, er full ástæða til þess, að nú fari fram endurskoðun á lögnum, enda munu stjórnendur sjóðsins vera þeirrar skoðunar. Nú er og svo ástætt, að gera má ráð fyrir, að starfsfé sjóðsins reynist ekki nóg á þessu ári sakir mjög vaxandi eftirspurnar undanfarið eftir lánnum, bæði til skipa, mótórvéla og fiskiðjuvera. Jafnframt þyrfti að rýmka nokkuð starfssvið sjóðsins í þágu bátaútvegsins. Kæmi þá m. a. til greina lán til verbúða og að koma fastri skipan á lán út á minni vélbáta (trillubáta). Telja flutningsmenn því aðkallandi, að í sambandi við endurskoðunina verði gaumgæfilega athugaðir möguleikar til að auka starfsfé sjóðsins, svo að ekki þurfi að verða hlé á starfsemi hans, þó að verkefni aukist.

Fylgiskjal.

Útlán fiskveiðasjóðs Íslands í árslok 1953:

Reykjavík	47 lán kr.	3 328 183.00
Akranes	10 — —	1 134 500.00
Ísafjörður	12 — —	1 137 500.00
Siglufjörður	15 — —	775 000.00
Ólafsfjörður	8 — —	927 000.00
Akureyri	9 — —	1 391 340.00
Húsavík	10 — —	876 446.50
Seyðisfjörður	4 — —	402 200.00
Neskaupstaður	8 — —	1 096 500.00
Vestmannaeyjar	46 — —	5 731 970.00
Keflavík	23 — —	2 509 500.00
Hafnarfjörður	22 — —	3 158 080.00
Gullbringusýsla	40 — —	3 702 500.00
Borgarfjarðarsýsla	1 — —	32 000.00
Snæfellsnessýsla	31 — —	3 050 635.00
Barðastrandarsýsla	17 — —	1 232 000.00
V.-Ísafjarðarsýsla	15 — —	1 831 800.00
N.-Ísafjarðarsýsla	15 — —	2 116 000.00
Strandasýsla	10 — —	827 050.00
Húnavatnssýslur	6 — —	445 100.00
Skagafjarðarsýsla	1 — —	190 000.00
Eyjafjarðarsýsla	10 — —	1 007 020.00
Þingeyjarsýslur	9 — —	762 400.00
N.-Múlasýsla	6 — —	244 500.00
S.-Múlasýsla	15 — —	2 128 300.00
Skaftafellssýslur	3 — —	628 000.00
Arnessýsla	15 — —	1 191 800.00

408 lán kr. 41 857 324.50